

Fundargerð – stjórn foreldrafélags Hofstaðaskóla 19. mars 2025

Viðstaddir: Helga Rut, Amit, Helga Rún, Sigrún Stefanía, Guðbjörg og Edda Lína.

Dagskrá:

1. Rætt var um undirbúning fyrir páskabingó sem verður haldið 3. apríl nk. Farið var yfir verkefnalista þar sem búið er að útteila verkefnum á stjórnarmenn.
2. Rætt var um Grunnstoð en engin starfsemi hefur verið á þeim vettvangi þennan veturinn. Guðbjörg tók að sér að senda póst á grunnskólafulltrúa Garðabæjar vegna þessa.
3. Helga fór yfir síðasta skólaráðsfund þar sem erindi foreldra voru borin upp.
  - Rætt var um malarplan fyrir ofan skólann þar sem eru engar girðingar og hætta getur skapast ef bílar fara fram af brúninni. Skólastjórnendur sögðust vera meðvitaðir um þessa hættu og hafa bent Garðabæ á að úrbóta sé þörf. Beðið er eftir viðbrögðum frá bænum vegna þessa.
  - Foreldrafélagið vill styrkja frístundastarf í 7. bekk ef þörf er á. Óskað var eftir að skólastjórnendur upplýstu foreldra ef það væri eitthvað tiltekið sem vantaði í starfið og vilji væri til þess að kaupa. Foreldrafélagið gæti þá komið að fjármögnun þess, í heild eða að hluta. Skólastjórnendur voru þakklátir fyrir þetta og ætluðu að koma til baka með viðbrögð fljótlega.
4. Rætt var um nemendastýrðu foreldraviðtölin en athugasemdir hafa borist frá mörgum foreldrum þess efnis að vilji sé til þess að breyta þessu fyrirkomulagi. Mörgum foreldrum finnst vanta vettvang til þess að ræða barnið, án þess að barnið sé viðstatt. Þetta hefur verið rætt við skólastjórnendur og að sögn þeirra hafa kannanir gefið til kynna að almenn ánægja sé hjá foreldrum með þetta fyrirkomulag. Þá sé foreldrum að sjálfsögðu heimilt að óska eftir sérstöku viðtali við kennara, án þess að barnið sé viðstatt. Rætt var um að koma mætti því til skólastjórnenda að skerpa mætti á því að þetta sé möguleiki og fólk sé hvatt til þess, telji það þörf á. Þá var líka rætt að koma þeirri hugmynd til skólastjórnenda hvort hægt væri að breyta fyrirkomulaginu með einhverjum hætti, t.d. að hafa annað viðtalið með barninu, hitt ekki eða að halda áfram óbreyttu fyrirkomulagi, en taka hluta af fundartímanum án barnsins. Helga Rut og Edda Lína koma þessu áfram til skólastjórnenda á skólaráðsfundi.